

Tillaga til þingsályktunar

um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar

Athugasemdir Sylviane Pétursson og Elínar Ebbu Ásmundsdóttur, iðjupjálfa

Greinagerð

Athygli skal vakin á að þegar geðheilbrigðisstefna er sett er ekki hægt að taka hana úr samhengi við félagslega þætti s.s. almennan vinnutíma/vinnutíma foreldra, lágmarkslaun, öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, viðveru barna á leikskólum og almenna næringu.

Í 3.-4. línu segir: „ – innleiða stefnu í geðheilbrigðismálum, áætlunum og löggjöf, sem byggist á þeirri þekkingu sem er fyrir hendi og almennum mannréttindum, í samráði við alla viðkomandi aðila á geðheilbrigðissviði;“ Mikilvægt er að skilgreina nánar hvað átt er við með“ alla viðkomandi aðila.“ Hverjir eru viðkomandi aðilar? Eru það eingöngu þeir sem koma að heilbrigðisþjónustunni s.s faglært/ófaglært starfsfólk, notendahreyfingar/hagsmunafélög, aðstandendur og skjólstæðingar eða geta aðrir komið að eins og aðilar vinnumarkaðarins eða þeir sem tengjast menntun?

Geðheilbrigðismál eru sett á mörkum heilbrigðis- og félagsþjónustu, sem við tökum undir. Við viljum einnig benda á að mennta- og atvinnumál eru ekki undanskilin geðheilbrigði. Með geðheilbrigðisstefnu í menntamálum sem og á atvinnumarkaði er hægt að koma í veg fyrir ýmsa geðheilsubresti og efla geðheilbrigði. Geðheilbrigðisstefna innan heilsugæslunnar á að hýsa félagslega þáttinn í framtíðinni sem og almenna virkni fólks sem ekki geta stundað nám eða verið í vinnu. Tenging heilsu og virkni kom berlega í ljós eftir efnahagshrunið og sú reynsla má ekki glatast.

Helstu þættir sem þurfa að koma fram í geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun.

Lagt er til að auka og bæta geðheilbrigðisþjónustu fyrir ákveðna hópa. Til hvers er það gert? Er það til að þessir hópar geti krafist meira fjármagns eða vegna þess að við höfum nýlega uppgötvað að þessir hópar þurfa sérstakan stuðning? Er þetta þá tæmandi listi? Betra væri að forðast skilgreiningar á ákveðnum hópum. Reyna á eftir fremsta megni að forðast greiningar til að fá aðstoð, það getur orðið hluti af sjúkdómsvæðingu sem er ekki markmið geðheilbrigðisáætlunarinnar.